



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar-
og háskólaráðuneytið

Aðgerðaáætlun um gervigreind 2025-2027



Efnisyfirlit

Formáli ráðherra	<u>3</u>
Inngangur	<u>4</u>
Forsendur og samhengi	<u>4</u>
Grunnstoðir	<u>5</u>
Endurskoðun	<u>6</u>
Gervigreind í allra þágu	<u>7</u>
1. Áhrif gervigreindar á mismunandi hópa	<u>8</u>
2. Lagaumgjörð um gervigreind	<u>9</u>
3. Íslensk tunga og gervigreind	<u>10</u>
4. Jafnrétti og gervigreind	<u>11</u>
5. Áhrif gervigreindar á lýðræðislega umræðu	<u>12</u>
Samkeppnishæft atvinnulíf	<u>13</u>
6. Miðstöð gervigreindar og máltækni á Íslandi	<u>14</u>
7. Aðild að gervigreindarmiðstöð Norðurlanda og Eystrasaltsríkja	<u>15</u>
8. Innviðir fyrir gervigreind; kortlagning og framtíðarþörf	<u>16</u>
9. Samstarf við evrópska gervigreindarverksmiðju (AI Factory)	<u>17</u>
10. Gagnastefna Íslands	<u>18</u>
11. Beislun gagnaauðlindar í sjávarútvegi og nýting gervigreindar	<u>19</u>
Menntun í takt við tímann	<u>20</u>
12. Gervigreindarlausnir í íslensku menntakerfi	<u>21</u>
13. Gervigreind og stafræn borgaravitund í kennslu og námi	<u>22</u>
14. Aukin almenn þekking og færni í gervigreind og gagnalæsi	<u>23</u>
Nýjar leiðir í opinberri þjónustu	<u>24</u>
15. Aukin gæði og samræming í gögnum ríkisins	<u>25</u>
16. Bætt viðmið og leiðbeiningar um notkun gervigreindar fyrir opinbera aðila	<u>26</u>
17. Innleiðing gervigreindarlausna hjá Stjórnarráðinu	<u>27</u>
18. Gervigreind í umsóknar- og úthlutunarferlum samkeppnissjóða	<u>28</u>
Heilbrigðiskerfi framtíðarinnar	<u>29</u>
19. Notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu: tækifæri og áskoranir	<u>30</u>
20. Gagnastefna um heilbrigðisgögn	<u>31</u>

Útgefandi: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Aðgerðaáætlun um gervigreind 2025-2027

Júlí 2025

mnh@mnh.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

ISBN: 978-9935-570-03-1

©2025 Stjórnarráð Íslands



Formáli ráðherra

Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir gríðarstóru tækifæri þegar kemur að málefnum gervigreindar. Gervigreind er ekki lengur fjarlægð viðfangsefni heldur er hún orðin hluti af daglegu lífi okkar og áhrif hennar munu einungis vaxa á komandi árum.

Við erum kannski fámenn þjóð, en fyrir vikið njótum við þess að boðleiðir eru stuttar og við getum hreyft okkur hratt. Menntunartígg þjóðarinnar er hátt og stafræn þekking er mikil í alþjóðlegum samanburði. Þetta mun allt skipta sköpum í þeirri gervigreindarvegferð sem þegar er hafin. Samkeppnishæfni Íslands og lífsgæði hér á landi munu ráðast af því hversu vel okkur tekst til í þessum efnum en einnig hvernig við bregðumst við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir.

Fyrsta aðgerðaáætlun stjórnvalda um gervigreind setur fram megináherslur stjórnvalda og aðgerðir sem styðja við þær. Í áætluninni er teiknað upp hvernig við greiðum best götu tækninnar á Íslandi og stuðlum að víðtækri og ábyrgri notkun hennar. Við viljum að allir hópar samfélagsins geti verið þátttakendur í yfirstandandi tæknibyltingu svo að enginn heltist úr lestinni. Þannig getum við nýtt gervigreindina til að auka framleiðni, bæta þjónustu og létta öllu fólki lífið.

Það er eindreginn vilji stjórnvalda að vinna að framgangi þessarar aðgerðaáætlunar sem hefur verið unnin í víðtæku samráði við fjölda aðila. Því fyrr sem við hefjumst handa, því fyrr getum við gripið tækifæri gervigreindarinnar og brugðist við ákorunum hennar - öllum til heilla.

Inngangur

Gervigreind er hluti af tæknibyltingu sem hefur á örfáum árum haft djúpstæð áhrif á samfélög um allan heim. Þróunin er ör og síbreytileg og felur í sér mikil tækifæri og nýjar áskoranir. Almennir, fyrirtæki og opinberir aðilar standa nú frammi fyrir tækifærum til að stuðla að framþróun, aukinni framleiðni og hagsæld en þurfa jafnframt að sýna fyrirhyggju við innleiðingu tækninnar og tryggja að notkun hennar byggist á gagnsæi og ábyrgð.

Með ábyrgri þróun, innleiðingu og hagnýtingu gervigreindar er átt við markvissa viðleitni til þess að tryggja að notkun og áhrif tækninnar samrýmist siðferðilegum gildum og virðingu fyrir grundvallarréttindum. Ábyrg notkun felur í sér vitund og skilning á hvers kyns áhættu sem tæknin hefur í för með sér og styðst við skýr, viðurkennd viðmið, verklag og reglur til þess að forðast neikvæðar afleiðingar fyrir einstaklinga, hópa og samfélagið í heild. Mikilvægasta markmið stjórnvalda er að stuðla að því tækniframfarir verði í allra þágu, auki verðmætasköpun, efla almenna velferð og styrki lýðræðislega stjórnarhætti. Sterkir innviðir, félagsleg samstaða og traust til stofnana á Íslandi skapa einstakt tækifæri til að móta sameiginlega sýn um ábyrga þróun og notkun gervigreindar.

Til að nýta með ábyrgum hætti þau víðtæku tækifæri sem gervigreind býður upp á er mikilvægt að byggja á traustum grunni mannréttinda, siðferðis og samfélagslegrar ábyrgðar. Um leið þarf að stuðla að fræðslu, hæfni og aðgengi að tækni svo einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki geti tekist á við breytingar af öryggi og færni. Stjórnvöld gegna lykilhlutverki í að skapa skýrar leikreglur og styðja við þróun gervigreindartækni sem tekur mið af íslensku samfélagi, menningu og tungumáli. Þannig verður tæknin nýtt með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Forsendur og samhengi

Aðgerðaáætlunin styður við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að móta skýra lagaumgjörð um gervigreind sem hefur það markmið að tryggja vernd grunnréttinda og stuðla að trausti almennings gagnvart tækninni. Þá miðar hún að því að efla nýsköpun og tæknipróun, meðal annars með hagræðingu í ríkisrekstri, aukinni framleiðni og uppbyggingu stafrænnar heilbrigðisþjónustu.

Aðgerðaáætlunin tekur jafnframt mið af stefnu Íslands um gervigreind frá árinu 2021. Markmið þeirrar stefnu er að skapa sterkan og sameiginlegan siðferðislegan grundvöll fyrir þróun og nýtingu gervigreindar sem byggist á góðri þekkingu á tækninni og þeim öryggisáskorunum sem henni fylgja. Við gerð áætlunarinnar var jafnframt stuðst við skýrslu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins og Hagstofu Íslands um efnahagsleg tækifæri gervigreindar á Íslandi sem birt var í nóvember 2024.

Við mótun áætlunarinnar var tekið mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands og samstarfi við helstu alþjóðastofnanir. Þar má nefna samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, norrænt samstarf og tilmæli stofnana á borð við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) sem leggja áherslu á siðferðilega, gagnsæja og mannmiðaða nálgun við þróun og innleiðingu gervigreindartækni.

Aðgerðirnar voru mótaðar í víðtæku samráðsferli, bæði innan stjórnsýslunnar og með opnu samráði við almenning og hagaðila. Með því er leitast við að tryggja að áherslur áætlunarinnar endurspegli raunveruleg tækifæri og þarfir samfélagsins og að hún styðji við ábyrga og markvissa innleiðingu gervigreindartækni til framtíðar.

Grunnstoðir

Í áætluninni er skilgreint með skýrum hætti markmið og væntanleg afurð sérhverrar aðgerðar og tímarammi framkvæmdar. Jafnframt er tilgreint hvaða ráðuneyti beri ábyrgð á framgangi viðkomandi aðgerðar, hver sé framkvæmdaaðili og hvenær áætlað er að framkvæmd ljúki. Út frá inntaki og markmiðum eru aðgerðir flokkaðar eftir fimm grunnstoðum sem mynda stoðkerfi áætlunarinnar.

Þrjár fyrstu grunnstoðirnar: *gervigreind í allra þágu, samkeppnishæft atvinnulíf og menntun í takt við tímann*, eru úr stefnu Íslands um gervigreind. Við undirbúning aðgerðaáætlunarinnar þótti mikilvægt að bæta við tveimur nýjum stoðum: *nýjar leiðir í opinberri þjónustu og heilbrigðiskerfi framtíðarinnar* sem endurspeгла forgangsmál stjórnvalda í opinberri þjónustu og heilbrigðismálum.

Aðgerðirnar eru þannig kynntar í fimm köflum sem hver og einn byggir á einni grunnstoð:

- 1 — Gervigreind í allra þágu:** Áhersla er á þau gildi sem mikilvægt er að varðveita og breið samstaða er um í íslensku samfélagi, svo sem lýðræði, frelsi og jafnræði. Þessi gildi þarf að hafa til hliðsjónar við þróun, innleiðingu og notkun gervigreindar, sem og við mat á þeim siðferðislegu og samfélagslegu álitamálum sem óhjákvæmilega koma upp.
- 2 — Samkeppnishæft atvinnulíf:** Áhersla er á að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með hagnýtingu gervigreindar, styrkingu stafrænnar getu og öflugu samstarfi milli háskóla og atvinnulífs. Lögð er áhersla á að tryggja að fyrirtæki og stofnanir hafi aðgang að nauðsynlegum innviðum, þekkingu og færni sem styður við nýsköpun, sjálfbæra þróun og aðlögun að tæknibreytingum í samfélaginu.
- 3 — Menntun í takt við tímann:** Áhersla er á að búa samfélagið sem best undir áframhaldandi stafræna umbreytingu og stuðla að því að öll nýting gervigreindar verði í samræmi við mannréttindi, siðferðileg gildi og fjölbreyttar þarfir samfélagsins.
- 4 — Nýjar leiðir í opinberri þjónustu:** Áhersla er á að hið opinbera nýti stafræna tækni til að bæta þjónustu við almenning og auka skilvirkni og hagkvæmni í umsýslu.
- 5 — Heilbrigðiskerfi framtíðarinnar:** Áhersla er á að nýta möguleika gervigreindar til að styrkja heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar. Vel ígrundaðar og markvissar ákvarðanir um beitingu tækninnar eru lykillinn að því að auka aðgengi, bæta þjónustu og draga úr álagi í kerfinu.

Endurskoðun

Aðgerðaáætlunin gildir í tvö ár frá birtingu. Gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð á sex mánaða fresti, meðal annars með tilliti til nýrra aðgerða, breyttrar tækni eða uppfærslu á áherslum eða stefnu. Þá mun heildarendurskoðun áætlunarinnar eiga sér stað eigi síðar en fyrir mitt ár 2027. Markmiðið með reglubundinni endurskoðun er að tryggja að áætlunin haldist í takt við tækniþróun, samfélagslegar þarfir og alþjóðleg viðmið. Með þessu móti verður unnt að bregðast tímanlega við nýjum áskorunum og tækifærum og styðja við áframhaldandi uppbyggingu á traustri og markvissri nýtingu gervigreindar á Íslandi.

Vegna þeirrar öru þróunar sem átt hefur sér stað á sviði gervigreindar síðustu árin er einnig tímabært að endurskoða stefnu Íslands um gervigreind. Unnið verður að endurskoðuninni samhliða framkvæmd aðgerða áætlunarinnar, þar sem niðurstöður og afrakstur ýmissa aðgerða verða nýttar til áframhaldandi stefnumótunar stjórnvalda á sviði gervigreindar. Jafnframt verður hugað að því að samþætta enn frekar stefnumótun á sviði gervigreindar og máltækni og skoðað hvort rétt sé að halda út tveimur aðskildum stefnum/áætlunum eða sameina þær í eina. Núgildandi máltækniáætlun, sem sett var fram árið 2024 undir yfirskriftinni *Íslenskan okkar, alls staðar. Áætlun um íslenska máltækni*, gildir út árið 2026. Nauðsynlegt er að hefja undirbúning að endurskoðun hennar þegar á þessu ári.



1 Gervigreind í allra þágu

Stoðin byggist á þeim gildum sem mikilvægt er að varðveita og breið samstaða er um í íslensku samfélagi, svo sem lýðræði, frelsi og jafnræði. Þessi gildi þarf að hafa til hliðsjónar við þróun, innleiðingu og notkun gervigreindar, sem og við mat á þeim siðferðislegu og samfélagslegu álitamálum sem óhjákvæmilega koma upp.

Aðgerðirnar í þessum kafla miða að því að tryggja að gervigreind sé þróuð, innleidd og hagnýtt með ábyrgum hætti, í samræmi við mannréttindi og siðferðisleg viðmið. Lögð verður áhersla á að móta skýra og ábyrga lagaumgjörð sem á sér samhljóm við alþjóðleg viðmið. Jafnframt verður unnið markvisst að því að meta áhrif gervigreindar á jafnrétti, ólíka hópa samfélagsins og á lýðræðislega umræðu og nýta slíkt mat sem grunn að heildstæðri og ábyrgri stefnumótun. Þá verður lögð áhersla á að gervigreindarlausnir gagnist í íslensku samhengi og almennt að þróun tækninnar stuðli að því að efla íslenskt mál og menningu.

1 Áhrif gervigreindar á mismunandi hópa

Markmið	Að gervigreind nýtist til að auka velsæld allra hópa samfélagsins.
Aðgerð	Gerð verður ítarleg greining á áhrifum gervigreindar á mismunandi hópa í samfélaginu, með sérstöku tilliti til jafnræðis og réttlætis. Í greiningunni verður lagt mat á bæði ávinning og áskoranir fyrir hópa á borð við börn, eldra fólk, fólk með fötlun, innflytjendur, tekjulágt fólk, atvinnulausa og fólk sem er útsett fyrir fjölpætri mismunun. Aðgerðin felur meðal annars í sér eflingu markvissrar gagnaöflunar um nýtingu gervigreindar í íslensku samfélagi, á vinnumarkaði og í stjórnsýslu. Niðurstöður greiningarinnar verða nýttar til að móta aðgerðir sem auka aðgengi og vernd hagsmuna þeirra hópa sem standa höllum fæti gagnvart hröðum tæknibreytingum sem og við mótun stefnu stjórnvalda.
Afurð	Kortlagning aðgerða til að auka aðgengi og vernd hagsmuna þeirra hópa sem standa höllum fæti gagnvart hröðum tæknibreytingum.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Félags- og húsnæðismálaráðuneytið, o.fl. svo sem Hagstofa Íslands, Öryrkjabandalag Íslands, Þroskahjálpi, Landssamband eldri borgara, ASÍ, Rauði krossinn, Samband íslenskra sveitafélaga, Vinnumálastofnun, Fjölmiðlanefnd, Umboðsmaður barna.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 4 – Menntun fyrir öll, Markmið 5 – Jafnrétti kynjanna, Markmið 10 – Aukinn jöfnuður.

2 Lagaumgjörð um gervigreind

Markmið	Að móta skýra lagaumgjörð um gervigreind sem tekur mið af alþjóðlegum skuldbindingum og þörfum íslensks samfélags.
Aðgerð	ESB hefur sett samræmda löggjöf um gervigreind fyrir innri markaðinn sem er nú í upptökuferli í EES-samninginn. Löggjöfin felur í sér áhættumiðaða nálgun þar sem gervigreindarkerfi eru flokkuð eftir áhættustigi og tiltekin notkun gervigreindar er bönnuð. Löggjöfin inniheldur meðal annars kröfur um gagnsæi, ábyrgð, öryggi og eftirlit. Einnig eru lagðar skyldur á aðila sem þróa gervigreindarlíkön um að móta sér stefnu til að hlíta höfundaréttarreglum innri markaðarins. Aðgerðin felur í sér að mat á þörf fyrir aðlögun vegna innleiðingar löggjafarinnar í EES-samninginn, mat á kostnaði við hana og vinnu við frumvarp um nauðsynlegar breytingar á íslenskum lögum, þar með talið hvaða stofnanir hafi hlutverk samkvæmt löggjöfinni og hvernig löggjöfin verður best útfærð með hliðsjón af íslenskum aðstæðum þannig að reglubyrði verði ekki meiri en hún þarf að vera. Framkvæmd og eftirfylgni þarf að styðja við ábyrga innleiðingu gervigreindar þannig að hún nýtist til framfara í íslensku samfélagi.
Afurð	Frumvarp að lögum um gervigreind.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Önnur ráðuneyti, stofnanir og hagaðilar.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging, Markmið 16 - Friður og réttlæti.

3 Íslensk tunga og gervigreind

Markmið	Að tryggja að íslensk tunga verði áfram gjaldgeng á öllum sviðum samfélagsins og að notkun gervigreindar og máltækni taki ætíð mið af þörfum íslenskrar tungu og setji hana í fyrsta sæti.
Aðgerð	Öflug máltækni er lykilatriði fyrir framtíð íslenskrar tungu sem þjóðtungu og sem opinbers máls á Íslandi. Stuðlað verði að því að máltækni- og gervigreindarlausnir verði nothæfar og aðgengilegar á íslensku. Opinberri fjárfestingu í innviðum í máltækni og gervigreind verði haldið áfram, ekki síst þegar kemur að þróun og þjálfun stórra íslenskra mállíkana sem byggjast á gögnum sem taka tillit til íslenskrar tungu og íslenskrar menningar. Jafnframt verði hvatt til samtals og samstarfs um máltækni og gervigreind milli hagaðila á Íslandi. Stuðlað verði áfram að samstarfi um máltækni og gervigreind við nágrannapjóðir á Norðurlöndunum og víðar. Lögð verði áhersla á að við setningu laga og reglna um gervigreind verði hagsmunir íslenskunnar í öndvegi. Kostir þess að samþætta enn frekar aðgerðir og áætlanir á sviði íslenskrar máltækni og gervigreindar verði metnir.
Afurð	Við áframhaldandi fjárfestingu í máltækni- og gervigreindarinnviðum verði sérstaklega hugað að hagsmunum íslenskrar tungu. Við heildarstefnumörkun í gervigreind og máltækni verði tekið sérstakt tillit til íslenskunnar.

Tímarammi	Haust 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Mennta- og barnamálaráðuneytið, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, háskólar, fullorðinsfræðsla, tungumálaskólar, tæknifyrirtæki, menntatæknifyrirtæki o.fl.
Tenging við aðrar stefnur og áætlanir	Íslensk málstefna 2021–2030. Íslenskan okkar, alls staðar. Áætlun um íslenska máltækni; Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 4 - Menntun fyrir öll, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

4 Jafnrétti og gervigreind

Markmið	Að draga úr hættu á hlutdrægni og mismunun í opinberri ákvarðanatöku sem byggir á eða hagnýtir gervigreind.
Aðgerð	Samhliða stefnumótun og undirbúningi lagasetningar stjórnvalda um gervigreind verða áhrif þessarar tæknibyltingar á jafnréttismál metin, bæði tækifæri sem í tækninni felast en einnig áskoranir sem snerta jafnrétti. Unnin verður úttekt þar sem litið verður til mögulegra áhrifa gervigreindar á jafnrétti á breiðum grundvelli. Markmið úttektar er að greina leiðir til að stjórnvöld geti tekist á við hættu á hlutdrægni og mismunun í ákvarðanatökuferlum sem byggja á eða hagnýta gervigreind og benda stjórnvöldum á leiðir til úrbóta. Þar sem gervigreindartækni er enn í stöðugri þróun verður verkefninu skipt í tvo hluta: A. Yfirlit á breiðum grundvelli. B. Sérstakar tillögur til stjórnvalda. Aðgerðin er hluti af tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025–2028 sem lögð var fram á Alþingi í lok mars 2025.
Afurð	Yfirlit yfir áhrif gervigreindar á jafnrétti og tillögur til úrbóta.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Jafnréttisstofa.
Samstarfsaðilar	Dómsmálaráðuneytið o.fl.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 5 - Jafnrétti kynjanna.

5 Áhrif gervigreindar á lýðræðislega umræðu og ákvarðanatöku

Markmið	Að treysta öryggi lýðræðislegra innviða og efla viðnámsþrótt lýðræðismenningar.
Aðgerð	Aðgerðin felst í greiningu á áhrifum gervigreindar á lýðræðismenningu, miðlun upplýsinga, skoðanamyndun og kosningahegðun. Meðal annars verður horft til upplýsingaóreiðu, áróðurstækni og utanaðkomandi afskipta af lýðræðislegum ákvarðanatökufurðum. Einnig verður kortlögð innleiðing tækninnar í starfsemi skráðra stjórnmalasamtaka með það fyrir augum að móta almenn viðmið og leiðbeiningar um gagnsæi og ábyrga nýtingu gervigreindar í stjórnmalastarfi.
Afurð	Skýrsla um áhrif gervigreindar á lýðræðislega umræðu og ákvarðanatöku ásamt tillögum að aðgerðum til þess að styrkja lýðræðismenningu andspænis hröðum tækniframförum. Viðmið og leiðbeiningar um gagnsæi og ábyrga nýtingu gervigreindar í stjórnmalastarfi.

Tímarammi	Haust 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Fjölmiðlanefnd.
Samstarfsaðilar	Utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, CERT-ÍS, Samráðshóp um vernd einstaklinga í aðdraganda kosninga o.fl.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 16 - Friður og réttlæti.



2 Samkeppnishæft atvinnulíf

Stoðin miðar að því að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með hagnýtingu gervigreindar, styrkingu stafrænnar getu og öflugu samstarfi milli háskóla og atvinnulífs. Lögð er áhersla á að tryggja að fyrirtæki og stofnanir hafi aðgang að nauðsynlegum innviðum, þekkingu og færni sem styður við nýsköpun, sjálfbæra þróun og aðlögun að tæknibreytingum í samfélaginu.

Aðgerðirnar undir þessum kafla beinast að því að byggja upp öflugt vistkerfi í kringum gervigreindar- og máltækni með áherslu á samvinnu opinberra aðila, háskóla- og vísindasamfélags, vinnumarkaðar og atvinnulífs. Unnið verður að því að efla alþjóðlegt samstarf, bæta aðgengi að reikniafli og áreiðanlegum gagnadrifnum lausnum. Jafnframt verður lögð áhersla á þróun heildstæðrar gagnastefnu og nýtingu gagna og gervigreindar í þágu sjálfbærrar auðlindanýtingar og verðmætasköpunar.

6 Miðstöð gervigreindar og máltækni á Íslandi

Markmið Að byggja upp og styðja við hagnýtingu gervigreindar og máltækni í íslensku samfélagi með breiðri samvinnu og sameiginlegri sýn.

Aðgerð Komið verður á fót gervigreindar- og máltæknimiðstöð að norrænni fyrirmynd. Skipulag miðstöðvarinnar byggist meðal annars á nýlegri fýsileikakönnun sem unnin var af Almannarómi að beiðni stjórnvalda þar sem voru greindir möguleikar og áskoranir við stofnun slíkrar miðstöðvar á Íslandi. Niðurstöður könnunarinnar voru þær að lagt var til að komið yrði á fót sameinaðri miðstöð fyrir gervigreind og máltækni sem nyti stuðnings hins opinbera, háskóla- og vísindasamfélagsins, sveitarfélaga, samtaka á vinnumarkaði og atvinnulífsins.

Miðstöðin verður sameiginlegur vettvangur þessara aðila og er ætlað að verða öflug miðlæg eining. Hún mun vinna að eflingu menntunar og endurmenntunar í takt við breyttar þarfir vinnumarkaðar og veita fræðslu, meðal annars til höfundarréttarhafa um áhrif gervigreindar. Í því samhengi mun miðstöðin einnig móta viðmið og leiðbeiningar um ábyrga innleiðingu gervigreindar. Miðstöðin mun jafnframt styrkja stafræna innviði og rannsóknir á sviði gervigreindar og máltækni með áherslu á þróun innlendra gagnasafna og aðgang að reikniafli auk þess að stuðla að hagnýtingu gervigreindar innan fyrirtækja og stofnana.

Afurð Miðstöð gervigreindar og máltækni á Íslandi.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Stjórnvöld, atvinnulífið, félagasamtök, háskólasamfélagið o.fl.
Tenging við aðrar stefnur og áætlanir	Íslenskan okkar, alls staðar. Áætlun um íslenska máltækni.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging, Markmið 17 - Samvinna um markmiðin.

7 Aðild að gervigreindarmiðstöð Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Markmið Að efla stöðu Íslands á sviði gervigreindar með virku norrænu samstarfi, styðja við samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og opinbers reksturs og að Ísland verði hluti af öflugu og framsæknu alþjóðlegu samstarfi á sviði gervigreindar.

Aðgerð Ísland tekur þátt í stofnun *Nordic and Baltic AI Center*, sameiginlegrar gervigreindarmiðstöðvar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, sem áætlað er að hefji starfsemi haustið 2025. Miðstöðin verður sjálfstæður lögaðili með aðsetur í Svíþjóð og hefur að markmiði að hraða innleiðingu ábyrgrar gervigreindar, efla nýsköpun og styðja við samræmda stefnumótun.

Miðstöðin verður vettvangur fyrir samvinnu opinberra aðila, fyrirtækja, sveitarfélaga og háskóla þar sem unnið verður að stefnumótun, rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum og miðlun þekkingar til að efla ábyrga notkun gervigreindar. Hún mun efla aðgengi að alþjóðlegri sérfræðiþekkingu og stuðla að því að Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin verði leiðandi afl í þróun og hagnýtingu gervigreindar.

Með þátttöku Íslands er tryggt að íslenskir hagsmunir, áskoranir og sérhæfing endurspeglar í samstarfinu og að íslenskir hagsmunaaðilar, bæði opinberir og einkaaðilar, geti nýtt sér þau tækifæri sem miðstöðin mun bjóða upp á.

Afurð Undirritaður stofnsamningur við *Nordic and Baltic AI Center* og skilgreint framlag Íslands til starfseminnar.

Tímarammi Haust 2025.

Ábyrgðarráðuneyti Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Framkvæmdaaðili Almennarómur.

Samstarfsaðilar Atvinnulífið, félagasamtök, háskólasamfélagið, opinberir aðilar o.fl.

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna Markmið 4 - Menntun fyrir öll,
Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur,
Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging,
Markmið 17 - Samvinna um markmiðin.

8 Innviðir fyrir gervigreind: kortlagning og framtíðarþörf

Markmið Að framboð, gæði og öryggi innviða styðji við ábyrga og markvissa nýtingu gervigreindar í þágu samfélagsins.

Aðgerð Framþróun í gervigreind byggist ekki síst á öflugri reiknigetu. Þar gegna ofurtölvur með mikið reikniafl lykilhlutverki við að vinna úr gríðarlegu magni gagna á miklum hraða, einkum á sviði vísinda og nýsköpunar í þágu samfélags, svo sem við greiningu stórra gagnasafna, þróun nýrra lyfja og hermun náttúruhamfara. Gagnaver eru hluti þessa vistkerfis. Þau hýsa, geyma og vinna úr þeim gögnum sem gervigreind byggist á. Til þess að ofurtölvur og gagnaver geti nýst sem skyldi þarf nægt framboð af raforku að vera til staðar og gagnaflutningar að vera öruggir. Saman mynda þessir innviðir burðarás fyrir þróun gervigreindar og eru því grunnur að áframhaldandi nýsköpun og tæknivæðingu samfélagsins.

Skýr yfirsýn yfir núverandi reiknigetu er forsenda stefnumörkunar og uppbyggingar öflugra innviða í fjárfisáanlegri framtíð. Hún gerir einnig stjórnvöldum kleift að varpa ljósi á mögulega þörf fyrir aukið stafrænt sjálfstæði og stuðlar að því að gervigreind nýtist með ábyrgum hætti í þágu samfélagsins. Því verður eftirfarandi gert:

- Greining á núverandi reikniafli og framtíðarþörf: Safnað verður saman gögnum um aðgang og notkun á ofurtölvum og gagnaverum. Gerð verður spá um framtíðarþörf Íslands í reiknigetu með hliðsjón af hagnýtingarmöguleikum í vísindum, rannsóknum, atvinnulífi og opinberri þjónustu. Sérstaklega verður horft til þátta eins og gervigreindarfullveldis (e. sovereign AI) og meðhöndlunar viðkvæmra upplýsinga þar sem jafnframt verður greint hvaða geirar eða verkefni gætu kallað á að reiknigeta sé til staðar innanlands til að tryggja viðeigandi gagnavernd.
- Mat á núverandi framboði raforku og öryggi gagnaflutninga og framtíðarþörf: Slíkt mat dregur fram hvernig raforkuframleiðsla og innviðir fyrir raforku og fjarskipti uppfylla þarfir ofurtölva og gagnavera í dag og byggir undir ákvarðanir um fjárfestingar og forgangsroðun uppbyggingar til að mæta vaxandi þörf til framtíðar.

Afurð Greining á stöðu Íslands í reiknigetu og tækifærum til vaxtar.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Forsætisráðuneytið, atvinnuvegaráðuneytið, innviðaráðuneytið, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Almannarómur, o.fl.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

9 Samstarf við evrópska gervigreindarverksmiðju (AI Factory)

Markmið	Að auka aðgang að gervigreindarinnviðum og sérfræðiþekkingu til að jafna aðgengi, styðja við hagnýtingu gervigreindar og efla innlenda sérhæfingu.
Aðgerð	Unnið verður að því að mynda samstarf við evrópska gervigreindarverksmiðju (e. AI Factory) með það að markmiði að veita íslenskum aðilum, til að mynda rannsakendum, fyrirtækjum og opinberum stofnunum, hraðan aðgang að öflugum reikniinnviðum og sérfræðiþekkingu. Aðgangurinn er sérstaklega hugsaður fyrir þau sem annars hefðu takmarkaða möguleika á að nýta slíka tækni, til dæmis sprotafyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki og stuðlar þannig að jafnari tækifærum til nýsköpunar og hagnýtingar gervigreindarlausna. Slíkur aðgangur er mikilvægur þáttur í framþróun málefna sviða á borð við heilbrigðisþjónustu, umhverfismál, orkumál, máltækni, sjávarútveg, netöryggi, menntun og opinbera þjónustu. Samstarfið býður jafnframt upp á mikilvæga reynslu og þekkingaröflun sem styrkir innlenda sérhæfingu og stafræna getu auk þess að leggja grunn að uppbyggingu innviða á Íslandi.
Afurð	Samstarfssamkomulag við evrópska gervigreindarverksmiðju.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Almannarómur.
Samstarfsaðilar	Vísindagarðar, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Veðurstofan, Árnastofnun o.fl.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging, Markmið 17 - Samvinna um markmiðin.

10 Gagnastefna Íslands

Markmið	Bæta aðgengi að gögnum og ábyrga miðlun þeirra í samfélaginu. Aukin nýting gervigreindar hjá hinu opinbera sem og í atvinnulífinu, til að mynda í nýsköpun og til gagnadrifinnar ákvarðanatöku.
Aðgerð	Unnið verður að heildstæðri stefnu fyrir Ísland um gögn með það að markmiði að auka hagvöxt og velsæld á grundvelli gagnahagkerfisins. Lögð verður áhersla á þau verðmæti og tækifæri sem felast í hagnýtingu gagna í atvinnulífinu, innan opinbera geirans og í samfélaginu almennt og uppbyggingu gagnainnviða. Á grundvelli stefnunnar verður mótuð lagaumgjörð um örugga og áreiðanlega gagnamiðlun milli opinberra aðila, einkaaðila og almennings. Skýrar reglur auka gagnsæi og traust um hvernig megi nýta gögnin og í hvaða tilgangi. Þetta felur meðal annars í sér innleiðingu á reglugerðum ESB um stjórnskipulag gagna (e. Data Governance Act), um samræmdar reglur um sanngjarnan aðgang að gögnum og notkun þeirra (e. Data Act) og um mjög verðmæt gagnasett. Huga þarf sérstaklega að öryggi og persónuvernd. Jafnframt er unnið að því að setja lög um upplýsingatæknirekstur ríkisins sem munu veita fjármála- og efnahagsráðuneytinu heimild til að setja reglur er varða tæknileg viðmið.
Afurð	Gagnastefna Íslands sem felur í sér sýn og aðgerðir til þess að efla gagnahagkerfið á Íslandi.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Hagstofa Íslands, Skatturinn, Þjóðskrá, Byggðastofnun, Persónuvernd, dómsmálaráðuneytið, háskólasamfélagið, ýmis samtök atvinnurekenda og frumkvöðla o.fl.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 3 - Heilsa og vellíðan, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging, Markmið 16 - Friður og réttlæti.

11 Beislun gagnaauðlindar í sjávarútvegi og nýting gervigreindar

Markmið Að styrkja grunn fyrir notkun gervigreindar og gagnavísinda í sjávarútvegi með því að bæta gagnaumhverfi og bæta aðgengi almennings að gögnum um sjávarauðlindina.

Aðgerð Innviðir í tölvukerfum og gagnagrunnum stjórnvalda um sjávarútveg verða efldir til þess að tryggja rekjanleika gagna frá veiðum til útflutnings og stuðla að markvissri og öruggri gagnasöfnun. Gögn eru verðmæt auðlind og með markvissri úrvinnslu og samþættingu gagna skapast tækifæri til að styrkja íslenskan sjávarútveg á heimsvísu, bæta sjálfbærni, auka verðmætasköpun og stuðla að bættri umgengni um sjávarauðlindina.

Markmið fyrri hluta verkefnisins er að bæta og auka aðgengi að opinberum gögnum og nýta gervigreind og stafræna tækni til að hámarka arðsemi og sjálfbærni, til dæmis með auknum rannsóknum á fiskistofnum og umhverfi sjávar, sem og með áhættumiðuðu eftirliti með sjávarauðlindinni. Verkefnið er liður í stærra verkefni sem styrkir grundvöll hafrannsóknar og eykur möguleika á vöktun fiskistofna og umhverfispátta í hafinu um leið og það stuðlar að auknu gegnsæi um uppruna og kolefnisspor sjávarafla. Með markvissri nýtingu gagna og gervigreindar má draga úr sóun auðlinda, auka sjálfbærni í sjávarútvegi og styðja við vernd líffræðilegs fjölbreytileika.

Síðari hluti verkefnisins er samvinna við sjávarútvegsfyrirtæki við öflun viðbótargagna um sjávarauðlindina, meðal annars með myndgreiningum og nýtingu gervigreindar til að skapa tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar, áhættumiðuðu eftirliti og uppbyggingu sérstöðu Íslands í beitingu gervigreindar á sviði hafrannsóknar og sjávarauðlindarinnar.

Afurð Bætt gagnaumhverfi og tæknilegur rammi fyrir öflun, meðhöndlun og rekjanleika og aukið aðgengi að opinberum gögnum í sjávarútvegi. Verðmætt sýndarvörðuhús gagna um sjávarauðlindina og áhættumiðað eftirlit með nýtingu gervigreindarlausna.

Tímarammi Haust 2027.

Ábyrgðarráðuneyti Atvinnuvegaráðuneytið.

Framkvæmdaaðili Atvinnuvegaráðuneytið.

Samstarfsaðilar Sjávarútvegsfyrirtæki, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun og Matís.

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna Markmið 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla, Markmið 13 - Aðgerðir í loftlagsmálum, Markmið 14 - Líf í vatni.



3 Menntun í takt við tímann

Stoðin byggir á mikilvægu hlutverki menntakerfisins í að búa samfélagið sem best undir áframhaldandi stafræna umbreytingu og stuðla að því að öll nýting gervigreindar verði í samræmi við mannréttindi, siðferðileg gildi og fjölbreyttar þarfir samfélagsins.

Aðgerðirnar í þessum kafla miða að því að efla hæfni, stuðning og aðgengi að fræðslu um gervigreind í skólum og í samfélaginu. Lögð verður áhersla á innleiðingu lausna sem styðja einstaklingsmiðað nám, bæta námsupplifun og styrkja kennara í hlutverki sínu. Mótuð verða viðmið og hæfniramma fyrir notkun gervigreindar í skólastarfi sem byggja á alþjóðlegum fyrirmyndum með áherslu á siðferði, stafræna borgaravitund og gagnavernd. Jafnframt verður unnið að greiningu á fræðsluþörf mismunandi hópa og eflingu endurmenntunar, meðal annars með aðgengilegum upplýsingavef sem veitir yfirsýn yfir námskeið og fræðsluefni fyrir fólk á og utan vinnumarkaðar.

12 Gervigreindarlausnir í íslensku menntakerfi

Markmið	Bætt menntakerfi með notkun gervigreindarlausna.
Aðgerð	Kannaðar verða leiðir til þróunar, prófunar og innleiðingar gervigreindarlausna í íslenskt menntakerfi, með áherslu á að efla hæfni kennara. Kannaðar verða þarfir nemenda, kennara og foreldra, kostnað við innleiðingu, tæknilega útfærslu og hvernig þessar lausnir geta stuðlað að einstaklingsmiðaðri kennslu og stuðningi, eftt tæknilæsi og bætt námsupplifun nemenda og námsárangur. Huga þarf að áskorunum tengdum siðferði og persónuvernd sem og að tryggja örugga og ábyrga notkun tækninnar. Kannaður verður árangur slíkra lausna í tilraunaverkefni með nokkrum skólum.
Afurð	Samantekt um framkvæmd verkefnisins með áherslu á einstaklingsmiðað nám, stuðning við kennara, og betra upplýsingaflæði milli skóla og foreldra ásamt tillögum um frekari innleiðingu á gervigreindarlæsi í íslenskt skólakerfi.

Tímarammi	Vor 2027.
Ábyrgðarráðuneyti	Mennta- og barnamálaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
Samstarfsaðilar	Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, grunn- og framhaldsskólar, tæknifyrirtæki, o.fl.
Tenging við aðrar stefnur og áætlanir	Menntastefna 2020-2030 og Aðgerðaáætlun 2, 2024-2027.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 4 - Menntun fyrir alla, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

13 Gervigreind og stafræn borgaravitund í kennslu og námi

Markmið	Börn og ungmenni verði fær um að nota gervigreind og stafrænar lausnir á ábyrgan hátt með mannréttindi, siðferðileg gildi, gagnrýna hugsun og stafræna borgaravitund að leiðarljósi. Þau þekki hættur og verði öruggir stafrænir notendur.
Aðgerð	Mótuð verða viðmið og leiðbeiningar um gervigreind í menntun og hæfni kennara á grundvelli alþjóðlegra fyrirmýnda. Sérstaklega verður hugað að álitafnum um siðferðislegar og hagnýtar hliðar gervigreindar fyrir menntakerfið, ásamt atriðum eins og stafræn borgaravitund og mismunun, sjálfbærni, félagstengsl, söfnun og meðferð persónuupplýsinga og höfundarétt þess efnis sem gervigreindin nýtir. Viðmiðin endurspeglast í innra og ytra mati skóla og hæfniramma fyrir kennara.
Afurð	Viðmið, reglur og leiðbeiningar um notkun gervigreindar í skólastarfi.

Tímarammi	Vor 2027.
Ábyrgðarráðuneyti	Mennta- og barnamálaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
Samstarfsaðilar	Menntastofnanir, háskólar, Samband íslenskra sveitarfélaga, Fjölmíðlanefnd, Rannís, Heimili og skóli, KÍ og Landssamband ungmennafélaga.
Tenging við aðrar stefnur og áætlanir	Menntastefna 2020-2030 og Aðgerðaáætlun 2, 2024-2027.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 4 - Menntun fyrir alla, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

14 Aukin almenn þekking og færni í gervigreind og gagnalæsi

Markmið Að vekja áhuga og vitund fjölbreyttra hópa um gervigreind og efla stafræna færni og gagnalæsi í íslensku samfélagi.

Aðgerð Greining verður gerð á þörfum mismunandi hópa á vinnumarkaði og utan hans fyrir fræðslu og endurmenntun sem tengist gervigreind og gagnalæsi. Á grundvelli þeirrar greiningar verður unnin framkvæmdaáætlun um hvernig hægt er að styðja markvisst við atvinnulíf og starfsfólk í að tileinka sér nýja tækni og viðeigandi hæfni, meðal annars í gegnum samstarf við fræðsluaðila, atvinnurekendur og stéttarfélög.

Komið verður á fót miðlægu og aðgengilegu vefsvæði með upplýsingum um námskeið og viðburði sem tengjast gervigreind og gagnalæsi. Vefurinn verður vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og honum ætlað að vekja áhuga og auðvelda fólki, á eða utan vinnumarkaðar, að finna viðeigandi fræðslu.

Sérstök áhersla verður lögð á að ná til hópa sem oft standa utan fræðsluframboðs, svo sem eldra fólks, atvinnuleitenda og íbúa í dreifðum byggðum. Stuðlað verður að víðtæku samstarfi fræðsluaðila, símenntunarmiðstöðva, stéttarfélaga og sveitarfélaga til að samræma og kynna framboð á landsvísu.

Einnig verður lögð áhersla á að auka traust og áhuga í samfélaginu með því að miðla hagnýtum dæmum um hvernig gervigreind getur bætt daglegt líf og störf.

Afurð Greining á þörfum ólíkra hópa, á eða utan vinnumarkaðar, fyrir fræðslu og endurmenntun sem tengist gervigreind og gagnalæsi. Jafnframt verður útbúinn upplýsingavefur með yfirliti yfir námskeið og viðburði sem tengjast gervigreind og gagnalæsi.

Tímarammi Vor 2026.

Ábyrgðarráðuneyti Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Framkvæmdaaðili Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

Samstarfsaðilar Mennta- og barnamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, símenntunarmiðstöðvar, sí- og endurmenntunareiningar háskólanna, stéttafélög og aðrir fræðsluaðilar á landsvísu, háskólasamfélagið, o.fl.

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna Markmið 4 - Menntun fyrir alla,
Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur,
Markmið 10 - Aukinn jöfnuður.



4 Nýjar leiðir í opinberri þjónustu

Stoðin byggist á þeirri áherslu stjórnvalda að samhliða stafrænum umskiptum atvinnulífsins og menntakerfisins sé nauðsynlegt að hið opinbera nýti sér í auknum mæli stafræna tækni til að bæta þjónustu við almenning og auka skilvirkni og hagkvæmni í opinberri umsýslu.

Aðgerðir í þessum kafla miða að því að styrkja stafræna getu hins opinbera, bæta gæði gagna og móta skýran ramma um notkun gervigreindar í þjónustu og stjórnsýslu. Áhersla verður lögð á samræmingu og miðlun opinberra gagna í samræmi við stefnu stjórnvalda. Mótuð verða viðmið og leiðbeiningar um ábyrga notkun gervigreindar hjá opinberum aðilum með áherslu á öryggi, siðferði og áreiðanleika. Þá verður mótuð heildstæð stefna fyrir Stjórnarráðið um beitingu gervigreindar í starfsemi ráðuneyta með áherslu á fræðslu, örugga innleiðingu og aðlögun lausna að ólíkum verkefnasviðum. Einnig verður gervigreind nýtt til að bæta umsóknar- og úthlutunarferli samkeppnissjóða með samþættum lausnum og gagnadrifinni ákvarðanatöku.

15 Aukin gæði og samræming í gögnum ríkisins

Markmið	Að bæta gæði og samræmingu gagna og flæði þeirra milli ríkisaðila sem er forsenda fyrir frekari notkun gervigreindar.
Aðgerð	Kortlögð verða gögn ríkisins, sérstaklega þau sem tengjast þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, auk þeirra sem nýtast við ákvarðanatöku í stjórnsýslu. Mótuð verða tæknileg og rekstrarleg viðmið fyrir opinberra aðila til að styðja við hagnýtingu gagna í þjónustuveitingu og ákvarðanatöku. Jafnframt verður unnið að uppbyggingu leiðbeininga um upplýsingatækni og gagnastýringu fyrir opinbera aðila í samræmi við stefnu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og tæknileg viðmið þess.
Afurð	Kortlagning og yfirsýn gagna ríkisins og stöðlun ferla og framkvæmd samkvæmt bestu þekktu aðferðum.

Tímarammi	Haust 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Stafrænt Ísland.
Samstarfsaðilar	Stofnanir og ráðuneyti.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

16 Bætt viðmið og leiðbeiningar um notkun gervigreindar fyrir opinbera aðila

Markmið	Að opinberir aðilar nýti tækifæri gervigreindar til þess að bæta opinbera þjónustu og skilvirkni í störfum með ábyrgum, gagnsæjum og áreiðanlegum hætti.
Aðgerð	Haldið verður áfram að þróa og efla miðlægt safn viðmiða og leiðbeininga fyrir opinbera aðila á ólíkum stjórnsýslustigum til að nýta gervigreind á öruggan og skilvirkan hátt. Byggt verður á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður í samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins og norsku stofnunarinnar DigDir, sbr. leiðbeiningar sem eru aðgengilegar á vef Stjórnarráðsins. Áhersla verður lögð á öryggi, persónuvernd, gagnsæi og áreiðanleika, með hliðsjón af ábyrgri notkun við stefnumótun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að bæta þjónustu við almenning og auka skilvirkni í opinberri starfsemi.
Afurð	Uppfært miðlægt safn leiðbeininga og viðmiða um notkun gervigreindar hjá hinu opinbera, meðal annars með leiðbeiningum um innkaup á gervigreindarlausnum.

Tímarammi	Vor 2027.
Ábyrgðarráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, DigDir, önnur ráðuneyti.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging, Markmið 16 - Friður og réttlæti, Markmið 17 - Samvinna um markmiðin.

17 Innleiðing gervigreindarlausna hjá Stjórnarráðinu

- Markmið** Bætt þjónusta og skilvirkari stjórnsýsla með markvissari og ábyrgri innleiðingu gervigreindar í starfsemi ráðuneytanna.
- Aðgerð** Aðgerðin felur í sér að finna leiðir til að nýta gervigreind í Stjórnarráðinu á ábyrgan, gagnsæjan og skilvirkan hátt. Mótuð verður heildstæð stefna um notkun gervigreindar innan Stjórnarráðsins. Sérstök áhersla verður lögð á fræðslu um notkun lausna og á að greina þau svið þar sem gervigreind getur stuðlað að einfaldari stjórnsýslu og hagræðingu í rekstri.
- Afurð** Skýr stefna, leiðbeiningar og fræðsla um ábyrga og örugga notkun gervigreindarlausna í Stjórnarráðinu ásamt mati og reynslu af fyrstu prófunum á lausnum í völdum ráðuneytum. Niðurstöðurnar verða nýttar til frekari ákvarðanatöku um innleiðingu gervigreindar í opinberri stjórnsýslu.

Tímarammi	Haust 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Umbra þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins.
Samstarfsaðilar	Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið, Stjórnarráðsskólinn og önnur ráðuneyti.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

18 Gervigreind í umsóknar- og úthlutunarferlum samkeppnissjóða

Markmið Auka skilvirkni, gagnsæi og hagkvæmni í umsýslu opinberra samkeppnissjóða með stafrænum lausnum og notkun gervigreindar í umsókna-, gagnaúrvinnslu- og úthlutunarferli.

Aðgerð Opinberir samkeppnissjóðir gegna mikilvægu hlutverki í að styðja við nýsköpun, rannsóknir, menntun og samfélagsþróun. Fjöldi ólíkra sjóða, mismunandi umsóknarkerfi og aðgreind gagnasöfn draga úr skilvirkni og torvelda aðgengi umsækjenda að fjármagni ásamt því að takmarka yfirsýn stjórnvalda yfir úthlutun fjármagns. Með því að samræma umsóknarferla og samþætta gögn má auka yfirsýn stjórnvalda og bæta nýtingu fjármuna. Nýting gervigreindartækni getur jafnframt stutt við skilvirkari ákvarðanatöku, stytt svartíma og stutt við umsækjendur. Verkefnið er hluti af hagræðingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar og felur í sér þrjú samverkandi skref sem stuðla að aukinni skilvirkni og lægri umsýslukostnaði:

- Komið verði upp sameiginlegri umsóknargátt sem er í þróun hjá Stafrænu Íslandi.
- Komið verði upp sameiginlegum gagnagrunni þannig að hægt sé að greina saman úthlutanir úr öllum sjóðum.
- Viðskiptaferlar verði skilgreindir og dregið úr umsýslukostnaði með því að nýta gervigreind til að auka skilvirkni við umsóknar-, úrvinnslu- og úthlutunarferli.

Afurð Virk lausn sem samþættir umsóknarferla, gagnaúrvinnslu og úthlutanir með aðstoð gervigreindar.

Tímarammi	Haust 2027.
Ábyrgðarráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, o.fl.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.



5 Heilbrigðiskerfi framtíðarinnar

Stoðin byggir á mikilvægi þess að nýta möguleika gervigreindar til að styrkja heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar með því að bæta greiningar, efla meðferð og styðja við starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks. Ábyrgar og markvissar ákvarðanir um notkun tækninnar eru forsenda þess að gervigreind nýtist til að auka aðgengi, bæta þjónustu og draga úr álagi í heilbrigðiskerfinu.

Aðgerðir undir þessum kafla miða að því að greina tækifæri og áskoranir við notkunar gervigreindar í heilbrigðisþjónustu og skapa skilyrði fyrir ábyrga og markvissa innleiðingu hennar. Unnið verður að kortlagningu áskorana og mótun tillagna sem nýfast stjórnvöldum við stefnumótun og framkvæmd. Þá verður mótuð gagnastefna fyrir heilbrigðisgögn með áherslu á örugga nýtingu, persónuvernd og stöðlun sem leggur grunn að samhæfðri og siðferðilega ábyrgri innleiðingu gervigreindarlausna í heilbrigðiskerfinu.

19 Notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu: tækifæri og áskoranir

Markmið	Leysa helstu áskoranir við notkun gervigreindar í heilbrigðiskerfinu til að tryggja skilvirkni og auka gæði.
Aðgerð	Greint verður og kortlagt hvaða áskoranir og tækifæri eru til staðar við þróun, prófun og innleiðingu gervigreindar í heilbrigðisþjónustu. Þetta felur í sér greiningu á tæknilegum, stjórnumarlegum, siðferðilegum og regluverkstengdum áskorunum sem geta hamlað eða seinkað ábyrgri innleiðingu á gervigreind. Útbúnað verða hagnýtar tillögur sem stuðla að því að ryðja úr vegi hindrunum og auðvelda samþættingu gervigreindarkerfa í starfsemi heilbrigðisstofnana. Hluti af verkefninu verður nýsköpunarþing í heilbrigðistækni sem haldið verður haustið 2025 á vegum heilbrigðisráðuneytisins og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins. Ráðstefnan mun skapa vettvang fyrir samtal hagsmunaaðila sem mun meðal annars nýtast til að varpa ljósi á helstu áskoranir og tækifæri við þróun, prófun og innleiðingu gervigreindar í heilbrigðiskerfið.
Afurð	Nýsköpunarþing í heilbrigðistækni og skýrsla með greiningu á helstu áskorunum og tillögum fyrir markvissa og ábyrga innleiðingu gervigreindar í heilbrigðisþjónustu.

Tímarammi	Vor 2026.
Ábyrgðarráðuneyti	Heilbrigðisráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Heilbrigðisráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, rannsóknarstofnanir, háskólar, tæknifyrirtæki, embætti landlæknis, heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 3 - Heilsa og vellíðan, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

20 Gagnastefna um heilbrigðisgögn

Markmið	Tryggja ábyrga notkun heilbrigðisgagna við innleiðingu gervigreindarlausna.
Aðgerð	Mótuð verður gagnastefna fyrir heilbrigðiskerfið sem tekur til gagnahögunar, aðgengis að heilsugögnum við notkun gervigreindarlausna, hagnýtingar skýjalausna, öryggis gagna, persónuverndar, stöðlunar gagna og lýsigagna o.fl. Áhersla verði lögð á samhæfingu við þróun innan Evrópu, einkum Evrópska heilbrigðisgagnasvæðið (EHDS) og að stefnan styðji við framtíðarsýn Íslands í heilbrigðismálum. Gagnastefnan mun jafnframt leggja grunn að nauðsynlegri reglusetningu, tæknilegri innviðauppbýggingu og ábyrgri innleiðingu nýrrar tækni í heilbrigðisþjónustu landsins.
Afurð	Gagnastefna hins opinbera um heilbrigðisgögn og notkun þeirra í tengslum við gervigreind.

Tímarammi	Vor 2027.
Ábyrgðarráðuneyti	Heilbrigðisráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Heilbrigðisráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Rannsóknarstofnanir, háskólar, tæknifyrirtæki, embætti landlæknis, heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk.
Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Markmið 3 - Heilsa og vellíðan, Markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging.

